

M-21/2009. Álit 8. apríl 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. apríl 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-21/2009.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna þess að fyrirtækið Y. hafi oftekið fé vegna meintra skemmda hans á bifreið sem hann hafi tekið á leigu hjá fyrirtækinu.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Vegna þess að beiðni álitsbeiðanda fylgdu engin gögn um viðskipti hans við Y ritaði hún álitsbeiðanda svohljóðandi bréf 17. mars sl.:

„Hinn 16. þ.m. móttók kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni þína um álit vegna viðskipta þinna við Y.

Áður en álitsbeiðni þín verður send fyrirtækinu til þess að gefa því kost á andsvörum óskar kæruneftndin eftir að þú sendir henni þann samning sem þú gerðir við Y um leigu á bifreiðinni þannig að hún geti áttað sig á því um hvað var samið á milli aðila.

Frestur til að veita umbeðnar upplýsingar er til föstudagsins 27. mars nk.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og álitsbeiðandi hefur ekki haft samband við hana á annan hátt.

Það er álit kæruneftndarinnar að málatilbúnaður álitsbeiðanda sé í því horfi að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Sú niðurstaða leiðir hins vegar ekki til þess að álitsbeiðandi geti ekki á nýjan leik beðið nefndina um álit fullnægi ný beiðni þeim kröfum sem eru gerðar í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006, sbr. það sem fram kemur í framangreindu bréfi nefndarinnar til álitsbeiðanda frá 17. mars sl.

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Álfheiður M. Sívertsen

Hildigunnur Hafsteinsdóttir